

60
11. apríl

A U G L Ý S I N G

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar 9. marz 1940.

III. kafli rafveitugjaldskrárinnar orðist sem hér segir:

III. Heimtaugagjöld.

Af hverri húsvéitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við 75% af brunabótamati á húsum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

	75% af brunabótamati	Jarðlina	Heimtaugargjöld Loftlina
1.	0— 5000 kr.	150 kr.	85 kr.
2.	5000— 10000 —	190 —	115 —
3.	10000— 12500 —	225 —	140 —
4.	12500— 15000 —	255 —	165 —
5.	15000— 17500 —	280 —	185 —
6.	17500— 20000 —	300 —	210 —
7.	20000— 25000 —	350 —	255 —
8.	25000— 30000 —	390 —	300 —
9.	30000— 40000 —	440 —	325 —
10.	40000— 50000 —	490 —	350 —
11.	50000— 60000 —	530 —	375 —
12.	60000— 70000 —	550 —	395 —
13.	70000— 80000 —	570 —	415 —
14.	80000— 90000 —	585 —	435 —
15.	90000— 100000 —	600 —	450 —
16.	100000— 125000 —	625 —	475 —
17.	125000— 150000 —	650 —	500 —
18.	150000— 200000 —	700 —	525 —
19.	yfir 200000 —	750 —	550 —

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 m eða loftlínuheimtaugar meiri en 40 m, skal húseigandi kosta það, sem þar er fram yfir. Standi sérstaklega á, eða séu óvenjulega miklir örðugleikar við lagningu heimtaugar, má krefjast sérstaks endurgjalds af húseiganda, en gera skal honum aðvart um það fyrir fram.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir reikningi.

Heimtaugargjald er fallið í gjalddaga, þegar er lokið er lagningu heimtaugar.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalaögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að málí.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1942.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.